

Alþingi  
Erindi nr. P 141/1124  
komudagur 18.12.2012



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2012

**Umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 468. mál á 141. löggjafarþingi 2012-2013**

FÍB telur mikilvægt að koma sjónarmiðum félagsins á framfæri um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum enda hefur kostnaður vegna reksturs heimilisbílsins vaxið óhóflega á síðustu árum. Mikilvægt er að tryggja að rekstur heimilisbílsins sé ekki bara á færi þeirra efnameiri. Einnig að mikilvægt er að eðlileg endurnýjun bílaflorens eigi sér stað til að auka hlutfall öruggari og minna mengandi bíla í umferð. Heimilisbíllinn er eitt mikilvægasta öryggistæki landsmanna og gegnir lykilhlutverki varðandi félagsleg samskipti og eflingu byggðar um land allt.

Tafla 1. Þróun bensínverðs

Mánuður og ár	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Br 08-13
Innkaupsverð pr. lítra	52,45	54,67	68,25	86,85	98,54	98,55	87,9%
Almennt vörugjald	9,34	15,44	22,94	23,86	24,46	25,60	174,1%
Flutningsjöfnunar gjald	0,36	0,36	0,48	0,40	0,40	0,40	11,1%
Sérstakt vörugjald - bensíngjald	33,16	37,07	37,07	38,55	39,51	41,33	24,6%
Kolefnisgjald			2,60	3,80	5,00	5,00	
Vsk.	30,54	33,54	40,57	46,82	51,25	52,73	72,7%
Álagning, flutningur ofl.	29,34	29,33	28,15	30,26	33,07	37,40	27,5%
Álagning, flutn. m/vsk.	36,53	36,52	38,33	42,67	47,79	48,00	31,4%
Útsöluverð - sjálfsafgreiðsla	155,19	170,41	199,64	230,42	252,23	256,00	65,0%
Skattar kr.	73,40	86,41	103,23	113,30	120,62	125,05	70,4%
Álag sj.afgr. m/vnv	38,18	34,24	31,17	32,18	33,45	37,40	
Árskostnaður fjölsk.	310.378	340.810	399.275	460.831	504.469	512.000	65,0%
Þar af skattur yfir ár	146.790	172.811	206.468	226.608	241.248	250.106	70,4%
Árskostnaður uppr. m. VNV 2012	400.455	392.634	436.432	484.379	504.469	512.000	27,9%
Þar af skattur yfir ár - VNV 2012	189.392	199.089	225.682	238.187	241.248	250.106	32,1%
VNV	307,7	344,6	363,2	377,7	397	397	

Frá hrúni hefur allur kostnaður við eign og rekstur heimilisbílsins aukist verulega. Haustið 2008 þegar gengi íslensku krónunnar hrundi, kom það sér vel fyrir neytendur að heimsmarkaðsverð á eldsneyti




lækkaði verulega til nokkurra mánaða en hefur síðan hækkað reglulega eins og sjá má á uppreiknuðu innkaupsverði á einum lítra af bensíni í mynd 1.

Varðandi boðaðar hækkanir á eldsneytisgjöldum í 20. 21. og 29. grein frumvarpsins þá varar FÍB sérstaklega við þeirri þróun sem átt hefur sér stað á undanliðnum árum varðandi stórfellda hækkun skatta á eldsneyti líkt og sjá má í töflu 1. Eitt sem er sláandi er gríðarleg hækkun almenna vörugjaldsins og kolefnisskattsins, skatta sem renna til annara verkefna en vegagerðar. Almennt vörugjald af bensíni, sem er föst krónutala á lítra, mun hækka um 174% frá 2008 eða úr 9,34 kr/l upp í 25,60 kr/l miðað við forsendur frumvarps til fjárlaga 2013. Nýr skattur, kolefnisgjald, sem ekki var til fyrr en 2010 er nú 5 kr/l. Þessir skattar, sem á leggst vsk. kosta neytendur um 26.70 krónur á hvern lítra umfram bensínskatta 2008. Á sama tíma hefur innkaupsverð hækkað um tæplega 88% eða úr 52,45 kr/l í 98,55 kr/l. Árskostnaður fjölskyldna hefur hækkað um 65% á þessu tímabili (miðað við 2000 lítra neyslu á ári) eða úr 310 þúsund krónum í 512 þúsund krónur.

Rekstur heimilisbílsins er um 15,5% af útgjöldum heimilanna. Hækkun eldsneytis og hækkun á verði nýrra sem notaðra bíla hefur bitnað illa á flestum heimilum í landinu. Heimili í dreifbýli sem þurfa að sækja þjónustu eða vinnu um langan veg eru oft í verstu stöðunni. Þessar hækkanir hafa aukið á vandamál heimilanna og vega þungt í daglegum rekstri. Bílakostnaðurinn hefur einnig veruleg áhrif á vísitölu neysluliverðs með tilheyrandi hækkun á verðtryggtum lánum.

*Mynd 1. Fylgni aksturs við þjóðhagslegar stærðir*




Mynd 1 er sláandi vísending um áhrif eldsneytisverðs á aksturshegðun landsmanna. Þrátt fyrir mikla aukningu ferðamanna og mikla stækkun bílaleiguflotans með tilheyrandi akstri þá er samdráttur í heildarakstri og eldsneytissölu síðustu árin.




Í V. kafli 16 grein frumvarpsins kemur fram að innheimta kolefnisgjalds af bílaeldsneyti verði varanleg þvert á fyrri fyrirheit. En umhverfissjónarmiðin eru greinilega ekki ráðandi því til stendur að fella niður kolefnisgjald af þotu- og flugvélaeldsneyti samfara mikilli fjölgun flugvéla sem hingað koma.

Með vísan í VI. Kafla frumvarpsins óskar FÍB að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri. Varðandi 19. greinina þá telur FÍB eðlilegt að lækka alla aðalflokkana til að tryggja eðlilegri endurnýjun bílaflota heimilanna. Meðalaldur bíla á Íslandi var 12,5 ár og fólksbifreiða 11,6 ár 2011 og hefur ekki verið hærrí á liðnum áratugum líkt og sjá má á súluriti frá Umferðarstofu (mynd 2) hér undir. Meðalaldur bíla á Íslandi er mun hærrí en í samanburðarlöndum í Evrópu. Á mynd 3 má sjá að hlutfall bíla 0-5 ára er um 18%. Um helmingur fólksbíla eru 10 ára og eldri. Þetta hlutfall er áhyggjuefni þar sem nýjustu bílarnir eru best búnir öryggistækjum og verja þar með ökumenn, farþega og aðra vegfarendur mun betur ern eldri árgerðir. Það er einnig staðreynd að nýrri árgerðir fólksbifreiða eru mun neyslugrennri á eldsneyti og þar með minna mengandi en eldri árgerðir. Bílar framleiddir eftir árið 2007 eyða að meðaltali 25% minna eldsneyti en eldri árgerðir. Með örrari endurnýjun bílaflotans er verið að vinna að auknu öryggi, heilbrigði og lýðheilsu og einnig að draga úr slysum og draga úr kostnaði við heilbrigðiskerfið.

Mynd 2. Meðalaldur bifreiða skv. US



Mynd 3. Aldursskipting bifreiða skv. US



Í 33. grein frumvarpsins undir XI. kafla eru boðaðar hækkanir á bifreiðagjöldum miðað við þróun verðlags á árinu. Bifreiðagjaldið hefur hækkað umfram verðlagsþróun frá hruni. Boðuð viðbótar hækkun á grundvelli verðlagsþróunar hefur þegar verið framkvæmd og er þar með hrein skattahækkun en ekki verðlagsaðlögun.

Virðingarfyllt,

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Runólfur Ólafsson  
Framkvæmdastjóri